

Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness

Fyrsti fundur skólaársins 2012-2013

Dagsetning: 4. september 2012

Fundartími: 18:00-19:30

Fundarmenn:

Edda Andradóttir, Helga Ólafsdóttir, Halldóra Pálsdóttir, Sigurlína Margrét Magnúsdóttir og Þórarinn Sv. Arnarson

Fundarritari: ÞSA

Aðrir stjórnarmenn sem komust ekki á fundinn:

Arndís Vilhjálmsdóttir, Björgúlfur Ólafsson, Helga Lotta Reynisdóttir og Magnús Örn Guðmarsson,

Fundargerð:

Sigurlína Margrét og Halldóra lýstu starfsemi foreldrafélagsins fyrir nýjum stjórnarmeðlimum. Meginmarkmið fundarins var að deila verkefnum niður á stjórnarmenn. Þau hlutverk sem stjórnin þarf að manna eru:

- Formaður
- Gjaldkeri
- Tveir ritarar
- Tveir fulltrúar í skólaráði. Þeir skiptast svo á mæta á fundi í skólanefnd Seltjarnarness. Fundir í skólaráði eru annan hvern mánuð, en hina mánuðina eiga fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins fund með skólastjórnendum (í skólaráðinu sitja líka fulltrúar nemenda)
- Tengiliður við Möggu í Selinu
- Tengiliður við Heimili og skóla
- Umsjónarmenn atburða
 - Laufabrauð/bókakynning
 - Öskudagur
 - Vorhátíð
- Samantekt á tveimur fréttabréfum, haust og vors

Einnig hefur foreldrafélagið keypt nammi á litlu jólum. Rætt var um hvort þetta væri eitthvað sem ætti að gera áfram eða sleppa namminu. Verður rætt nánar síðar.

Nú var rætt hverjir myndu taka að sér hvaða verkefni:

Enginn bauð sig fram í formennsku, en Sigurlína Margrét benti á að æskilegt væri að einn reyndur og einn nýr sætu í skólaráði.

Niðurstaðan var, með fyrirvara um að þeir sem komust ekki á fundinn en voru settir í verkefni, samþykki:

- Edda, formaður, og tengiliður við Möggu í Selinu
- Björgúlfur, gjaldkeri
- Þórarinn og Helga Lotta, ritarar
- Halldóra, tengiliður við Heimili og skóla (á að hafa samband þangað og gefa upp nafn og netfang fyrir nýjan tengilið)
- Sigurlína Margrét, Helga og Halldóra, fulltrúar í skólaráði og skiptast á að sitja fundi í skólanefnd.
- Arndís og Magnús Örn: umsjón með atburðum.

Áhersla er lögð á það að stjórnin hjálpast að við verkefnin þannig að þótt einhverjir séu með umsjón með ákveðnum þáttum þá aðstoða hin líka við hina ýmsu álagspunkta.

Næst á dagskrá er kynning fyrir 1. bekk og gerist það fljótlega. Halldóra tók að sér að mæta á hana til að kynna starfsemi foreldrafélagsins.

Bekkjarfulltrúar í öðrum bekkjum en 1. bekk á námsefniskynningum sem fara fram fljótlega. Stjórn foreldrafélagsins mun svo halda kynningu fyrir bekkjarfulltrúana í október.

Í lok fundar var ákveðið að stjórnarfundir yrðu haldnir fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 17:30-18:30. Mikilvægt er að fundardagskrá liggi fyrir fyrir fund svo fundartími sé vel nýttur og fundum ljúki á áætluðum tíma.

Næsti fundur verður því: **mánudaginn 1. október kl. 17:30-18:30**